

Reglur um tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Grundvöllur notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Reglur þessar taka til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) við fatlað fólk sem á lögheimili á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar.

Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar, dags. 12. janúar 2011, um sameiginlegt þjónustusvæði í þjónustu við fatlað fólk, er Reykjavíkurborg leiðandi sveitarfélag og fer með framkvæmd samningsins, sbr. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.

Reglur um tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð grundvallast á IV. bráðabirgðaákvæði í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum, handbók um notendastýrða persónulega aðstoð, 1. útgáfu, frá 10. febrúar 2012 og leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu skal komið á sérstöku tilraunaverkefni til að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk. Verkefninu skal vera lokið í árslok 2014.

Fjöldi samninga sem gerðir verða á tilraunatímabilinu miðast við það fjárframlag sem borgarráð hefur samþykkt til verkefnisins og mun rúmast innan þess.

Í ljósi þess að um tilrauna- og þróunarverkefni er að ræða, sem háð er tilteknu fjármagni, verða þeir í forgangi fyrir þjónustu sem hafa einstaklingsbundnar þarfir sem ekki hefur verið hægt að komast til móts við á annan hátt á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og fyrir liggur faglegt mat um að notendastýrð persónuleg aðstoð sé hentugt form til að mæta þjónustubörfum þeirra. Stefnt er að því að tilraunaverkefnið nái til fjölbreytts hóps notenda sem býr við mismunandi aðstæður.

2. gr.

Inntak notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar

Notendastýrð persónuleg aðstoð byggir á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og er markmiðið að koma til móts við þarfir fatlaðs fólks svo að það megi lifa sjálfstæðu og virku lífi og hafi val um hvernig aðstoðinni við það er háttað. Notendastýrð persónuleg aðstoð er í samræmi við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um þjónustu við fatlað fólk, sem byggist á samningi

Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. ákvæði 19. gr. samningsins um rétt fatlaðs fólks til að lifa sjálfstæðu lífi án aðgreiningar í samfélaginu.

Notendastýrð persónuleg aðstoð felur í sér að fatlað fólk velji sér það aðstoðarfólk sem það kýs sjálft. Aðstoðarfólk vinnur samkvæmt starfslýsingu sem notandi semur og samræmist lífsstíl hans og kröfum. Notendastýrð persónuleg aðstoð felur í sér mánaðarlegar greiðslur til notanda eða umsýsluaðila sem hann hefur valið og er þeim ætlað að mæta launum aðstoðarmanns/manna, kostnaði og umsýslukostnaði.

3. gr. Orðskýringar

Einstaklingssamningur um notendastýrða persónulega aðstoð: Með einstaklingssamningi um notendastýrða persónulega aðstoð er átt við samning á milli notanda og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur tímafjöldi í þjónustu og fjárhæð greiðslna. Í samningnum kemur fram hvort notandi ætli að leita til umsýsluaðila eða annast skipulag þjónustunnar sjálfur, sbr. 11. gr. reglna þessara.

Notandi: Sá einstaklingur sem á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð samkvæmt reglum þessum.

Sjálfstæð búseta: Sjálfstæð búseta í reglum þessum, er búseta á eigin heimili sem ekki fellur undir sértæk búsetuúrræði þ.e. íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks, þar sem veitt er samræmd þjónusta, svo sem í þjónustuíbúðakjarna og á sambýli. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu.

Ráðningarsamningur: Með ráðningarsamningi er átt við samning á milli umsýsluaðila/ notanda og aðstoðarmanns sem kveður á um launakjör, vinnuskipulag, réttindi og skyldur aðstoðarmanns.

Samkomulag um vinnustundir: Í samkomulagi um vinnustundir er kveðið á um fjölda þeirra vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir notandann samkvæmt mati á stuðningsþörf og fylgir ákveðið fjármagn hverri vinnustund. Samkomulagið er undirritað af notanda og starfsmanni þjónustumiðstöðvar, sbr. 9. gr. reglnanna.

Samstarfssamningur: Með samstarfssamningi er átt við samning á milli Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og þeirra sjálfstæðu aðila sem bjóða upp á notendastýrða persónulega aðstoð og annast vinnuveitandahlutverk. Samstarfssamningur er skilyrði fyrir að geta annast umsýslu vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Umsýsluaðili: Með umsýsluaðila er átt við sjálfstæðan aðila sem býður upp á aðstoð við umsýslu á notendastýrðri persónulegri aðstoð.

Verktakasamningur: Með verktakasamningi er átt við samning milli notanda og aðstoðarmanns hans þar sem fram koma ákvæði um þá þjónustu sem notandi greiðir fyrir.

Þjónustumiðstöð: Með þjónustumiðstöð er átt við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar sem eru sex talsins, þ.e. Vesturgarður - Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Þjónustumiðstöð Breiðholts,

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og Miðgarður - Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Þjónustusvæði: Með þjónustusvæði er átt við það er sveitarfélög sameinast um að veita þjónustuna með sérstökum samningi, sbr. 2. mgr. 1.gr. reglna þessara.

II. kafli

Skilyrði fyrir notendastýrðri persónulegri aðstoð

4. gr.

Réttur til umsóknar um notendastýrða persónulega aðstoð

Þeir sem geta sótt um notendastýrða persónulega aðstoð samkvæmt reglum þessum eru þeir sem eiga lögheimili í Reykjavík og á Seltjarnarnesi og falla undir lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992¹, eru á aldrinum 18 til 67 ára og þurfa daglega aðstoð sem nemur a.m.k. 20 klukkustundum á viku eða meira. Rétt til umsóknar hafa þeir sem búa í sjálfstæðri búsetu. Sjálfstæð búseta í reglum þessum, er búseta á eigin heimili sem ekki fellur undir sértæk búsetuúrræði þ.e. íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks þar sem veitt er samræmd þjónusta svo sem í þjónustuíbúðakjarna og á sambyli. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu.

Foreldrar fatlaðra barna sem þurfa daglega aðstoð vegna barna sinna geta jafnframt sótt um notendastýrða persónulega aðstoð.

Þeir sem gera samning um notendastýrða persónulega aðstoð á tilraunatímabilinu og eru yngri en 67 ára geta fengið notendastýrða persónulega aðstoð áfram eftir að 67 ára aldri er náð.

5. gr.

Umsækjendur um notendastýrða persónulega aðstoð

Umsækjandi um notendastýrða persónulega aðstoð skal vera í verkstjórnarhlutverki í lífi sínu, geta ákveðið hvað hann vill gera á degi hverjum og hvernig hann vill að aðstoðarfólk nýtist. Þurfi umsækjandi aðstoð við að koma þörfum sínum á framfæri skal skilgreint í samningi notanda við þjónustumiðstöð með hvaða hætti verkstjórnarhlutverk hans er tryggt, s.s. með aðstoð túlks, aðstoðarverkstjórnanda eða persónulegs talsmanns ef við á og/eða foreldri ef um börn er að ræða.

Grundvallarskilyrði fyrir notendastýrðri persónulegri aðstoð er að velferðarþjónusta sem veitt er á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og félagsleg heimaþjónusta sem veitt er á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, falli niður með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í reglum þessum.

¹ Einstaklingur á rétt á þjónustu sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Einstaklingar sem glíma við langvarandi sjúkdóma sem leiða til stöðugs ástands sem skerðir færni viðkomandi (2. gr. l. nr. 59/1992).

Þeir sem búa í sértæku búsetuúrræði þ.e. íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks geta sótt um notendastýrða persónulega aðstoð sé stefnt að flutningi.

6. gr.

Efni samnings um notendastýrða persónulega þjónustu

Eftirtalin þjónusta verður hluti af samningi um notendastýrða persónulega aðstoð og fellur þá þjónustan niður:

- a) Félagsleg heimaþjónusta.
- b) Liðveisla.
- c) Frekari liðveisla.
- d) Ferðaþjónusta, nema þegar notandi getur ekki nýtt sér almenningssamgöngur með aðstoðarmanni.

Eftirtalin þjónusta fellur ekki niður við gerð samnings um notendastýrða persónulega aðstoð og verður því ekki hluti af samningnum, ef vilji er fyrir því. Í eftirfarandi tilvikum fellur niður samsvarandi fjöldi tíma samkvæmt samkomulagi um vinnustundir, sbr. 9. gr. reglnanna.

- a) Dagþjónusta og hæfing.
- b) Skammtí mavistun.
- c) Lengd viðvera í grunnskóla eða framhaldsskóla.
- d) Þjónusta stuðningsfjölskyldna.

Heimahjúkrun getur ekki verið hluti af samningi um notendastýrða persónulega aðstoð.

III. kafli

Umsóknir og mat

7. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Umsókn um notendastýrða persónulega aðstoð skal vera skrifleg. Umsókn skal vera á sérstöku eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Reykjavíkurborgar, undir rafræn Reykjavík www.reykjavik.is.

Tekið er á móti umsóknum um þátttöku í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og hjá Félagsþjónustu Seltjarnarnesbæjar.

Með umsókn skal leggja fram eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

- a) Örorkumat eða umönnunarmat.
- b) Yfirlit yfir greiðslustöðu frá tollstjóra í þeim tilvikum sem notandi er sjálfur umsýsluaðili.

8. gr.

Heildstætt mat

Teymi fagfólks skal í samráði við umsækjanda og aðstoðarverkstjórnenda hans eða persónulegan talsmann vinna heildstætt mat á stuðningsþörf með hliðsjón af þjónustubörf umsækjanda og þeirri þjónustu sem þegar er veitt. Hafa skal samráð við umsækjanda og aðstoðarverkstjórnenda hans eða persónulegan talsmann ef hann kýs að hafa viðkomandi aðila með sér í matsferlinu. Við matið er tekið mið af mati umsækjanda og mati Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í stuðningsþjónustu og félagslegri heimaþjónustu². Matið skal sýna þörf umsækjanda fyrir stuðning þar sem fram kemur sá tímafjöldi þjónustu sem umsækjandi þarf að jafnaði á mánuði.

Í mati á stuðningsþörf skal meta hvort umsækjandi hafi þörf fyrir þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins s.s. aðstoð í framhaldsskóla, háskóla eða á vinnustað. Heimilt er að semja við hlutaðeigandi stofnanir um aðkomu þeirra að áætlun um stuðning með fjárframlagi eða veittri þjónustu.

IV. kafli

Framkvæmd

9. gr.

Samkomulag um fjölda vinnustunda

Þegar sátt hefur náðst um mat á stuðningsþörf skulu umsækjandi og starfsmaður þjónustumiðstöðvar gera með sér samkomulag sem kveður á um fjölda vinnustunda sem aðstoðarfólk skal vinna fyrir umsækjanda.

Miða skal við að samkomulag hafi náðst innan tveggja mánaða frá því að niðurstöður mats liggja fyrir. Taka ber tillit til þess ef umsækjandi óskar eftir að leita sér aðstoðar í samkomulagsferlinu frá réttindagæslumanni fatlaðs fólks eða persónulegum talsmanni sínum.

Tímafjöldi í samkomulagi um vinnustundir er grundvöllur þeirrar fjárhæðar sem notandi hefur til að ráða aðstoðarfólk á grundvelli einstaklingssamnings.

Ef samkomulag næst ekki mun Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veita umsækjanda þjónustu í samræmi við lög og reglur sem gilda um þá þjónustu sem veitt er. Tilkynna ber honum skriflega um þær lyktir málsins.

10. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Fjárhæðir vegna hvernar vinnustundar skulu skiptast í laun og launatengd gjöld, kostnað vegna aðstoðarfólks og umsýslukostnað með eftirfarandi hætti:

- a) 85% af hverri vinnustund skulu renna til launa og launatengdra gjalda aðstoðarfólks.
- b) 5% af hverri vinnustund er ætlað að mæta kostnaði vegna aðstoðarfólks.

² Reglur um stuðningsþjónustu voru samþykktar í velferðarráði 30. maí 2012 og í borgarráði 7. júní 2012. Reglur um félagslega heimaþjónustu voru samþykktar í velferðarráði 10. maí 2006 og í borgarráði 18. maí 2006.

- c) 10% af hverri vinnustund skulu renna í verkstjórnar - og umsýslukostnað (svo sem kostnað við að finna starfsfólk og útvega afleysingar, greiða laun, borga tryggingar, gera vinnuuppgjör, halda bókhald og gera ársuppgjör).

Fjárhæðir greiddar fyrir hverja vinnustund verða eftirfarandi:³

Fyrir vinnustund í dagvinnu verða greiddar 2.235 kr. á tímann.

Fyrir vinnustund í kvöldvinnu verða greiddar 2.826 kr. á tímann.

Fyrir vinnustund í næturvinnu (vakandi næturvakt) verða greiddar 3.221 kr. á tímann.

Jafnaðarstund er 2.943 á tímann.

Heimilt er að færa til tíma innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum.

Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt við gerð samnings að bæta við sérstökum kostnaði vegna sérfræðiaðstoðar. Í þeim tilfellum skal gera sérstakt samkomulag sem kveður á um tiltekna upphæð en ekki fjölda vinnustunda.

Þegar notandi skrifar undir einstaklingssamning ber hann ábyrgð á að ráðstafa fjármagninu í samræmi við stuðningsþörf sbr. 8. gr. reglna þessara.

Notanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð ef upp koma erfiðleikar við umsjón greiðslnanna.

Notanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð ef hann fær vitneskju um að umsýsluaðili hafi ekki staðið skil á greiðslum til aðstoðarfólks.

Þjónustumiðstöð er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagnið er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

11. gr.

Gerð einstaklingssamnings um notendastýrða persónulega aðstoð

Á grundvelli fjölda vinnustunda í samkomulagi sbr. 9. gr. skal gerður einstaklingssamningur sem kveður á um fjárhæðir vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar milli notanda og þjónustumiðstöðvar. Einstaklingssamningur kveður á um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og hvort notandi muni annast alla umsýslu vegna framkvæmdarinnar eða hvort hann ætli að leita til sérstaks umsýsluaðila. Velji hann síðarnefndu leiðina skulu greiðslur renna til umsýsluaðila. Skal einstaklingssamningur kveða á um hvor leiðin er valin.

- a) Notandi annast sjálfur leit að aðstoðarmönnum og umsýslu vegna þeirra. Er þá gerður einstaklingssamningur um notendastýrða persónulega aðstoð milli notandans og þjónustumiðstöðvar sem kveður á um að greiðslur samkvæmt samningnum renni beint til notanda. Notandi getur valið hvort hann geri ráðningarsamning eða verktakasamning við aðstoðarmann sinn. Notandi ber ábyrgð á að gera þær ráðstafanir sem þarf til að sinna því hlutverki í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi.

³ Upphæðir taka mið af viðmiðunarfjárhæðum verkefnastjórnar um NPA á vegum velferðarráðuneytisins.

- b) Notandi leitar til umsýsluaðila um aðstoð við ráðningar og til að annast aðra umsýslu vegna þess. Gerður er einstaklingssamningur milli notandans og þjónustumiðstöðvar sem kveður á um að umsýsluaðili annist notendastýrða persónulega aðstoð sbr. 1. mgr. Greiðslur samkvæmt einstaklingssamningnum renna til umsýsluaðila. Samþykki umsýsluaðila og yfirlýsing hans um að honum sé kunnugt efni samningsins, skal vera fylgiskjal með einstaklingssamningnum. Umsýsluaðili er þá vinnuveitandi og ber ábyrgð á að gera þær ráðstafanir sem þarf til að sinna því hlutverki í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi. Skilyrði er að umsýsluaðili hafi undirritað samstarfssamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Einstaklingssamningur um notendastýrða persónulega aðstoð skal gilda í allt að 24 mánuði en þó aldrei lengur en út þann tíma sem tilraunaverkefnið stendur. Samningurinn skal endurskoðaður ef um verulegar breytingar á þjónustupörf er að ræða. Afrit samningsins skal sent til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ákvarða skal gildistíma með tilliti til þess tíma sem nauðsynlegur er til að undirbúa þjónustuferlið. Almennu skal gert ráð fyrir að samningur taki gildi allt að þremur mánuðum frá undirritun. Fellur þá önnur þjónusta við notanda niður, enda komi notendastýrð persónuleg aðstoð í stað hennar. Greiðslur frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar til notandans eða hins sjálfstæða aðila sem annast umsýsluna hefjast við gildistöku einstaklingssamnings.

Mat fagteymis skv. 8. gr. og samkomulag um vinnustundir sbr. 9. gr. reglna þessara skulu vera fylgiskjöl með samningi.

12. gr. Ráðning aðstoðarfólks

Eigi skal ráða aðstoðarmann gegn vilja notanda.

Grundvallarskilyrði notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar er að notandinn sé ætíð verkstjórnandi og því skal ætíð liggja fyrir samþykki notanda eða persónulegs talsmanns hans, þegar það á við, áður en þjónustan hefst.

Aðstoðarfólk er ráðið á grundvelli einstaklingssamnings um notendastýrða persónulega aðstoð og samkomulags um vinnustundir.

Að jafnaði er eigi heimilt að ráða til sín maka, sambýlismann/sambýliskonu eða náinn ættingja sem heldur heimili með notanda. Í þeim undantekningartilfellum sem það er gert skal umsýsla samningsins vera í höndum umsýsluaðila.

Ákvæði 4. mgr. gilda ekki í þeim tilvikum sem foreldrar fatlaðra barna hafa sótt um notendastýrða persónulega aðstoð.

Þegar aðstoðarfólk hefur verið fundið skulu eftir atvikum gerðir verktakasamningar eða ráðningarsamningar sem m.a. kveða á um réttindi og skyldur aðstoðarfólksins, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

13. gr.

Endurmat á stuðningsþörf

Stöðumat skal fara fram innan 16 vikna eftir að samningur tekur gildi þar sem kannað er hvernig notendastýrð persónuleg aðstoð nýtist og hvort markmið náist.

Endurmat á stuðningsþörf notanda og inntak stundafjölda samkvæmt samkomulagi þar að lútandi skal framkvæmt einu sinni á ári eða eftir þörfum.

Við endurmat á stuðningsþörf skal notandi skila inn yfirliti yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu, staðfestu af aðstoðarfólki.

14. gr.

Breytingar á aðstæðum notanda

Notandi skal tilkynna þjónustumiðstöð tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem varðað geta framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um lögheimilisflutning.

Breytingar á aðstæðum notanda geta leitt til endurmats á stuðningsþörf hvort sem er vegna aukinnar eða minnkaðrar stuðningsþarfar.

V. kafli

Eftirlit og upplýsingaskylda

15. gr.

Skyldur umsýsluaðila

Umsýsluaðili skal á þriggja mánaða fresti skila þjónustumiðstöð yfirliti um hve margar vinnustundir notandi hefur notað. Umsýsluaðili skal á eigin kostnað leggja fram og skila til opinberra aðila þeim upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til að fullnægja skyldum sínum.

Umsýsluaðila er skylt að fenginni beiðni að veita þjónustumiðstöð upplýsingar um tímaskrár, vinnuáætlanir og ráðningarsamninga vegna hvers notanda fyrir sig.

Umsýsluaðili skal að beiðni þjónustumiðstöðvar vinna sjálfsmat á framkvæmd og árangri þeirrar aðstoðar sem veitt er. Um framkvæmd fer eftir ákvörðun þjónustumiðstöðvar. Þjónustumiðstöð getur lagt fram slíka beiðni einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir.

Skilyrði fyrir samvinnu við umsýsluaðila er að starfsemin fari í öllu að gildandi lögum, reglugerðum og opinberum fyrirmælum um rekstur og starfsemi fyrirtækja.

Um kaup og kjör þess starfsfólks sem umsýsluaðili ræður til að sinna þjónustunni fer samkvæmt þeim samningi sem til grundvallar er lagður og almennum reglum vinnuréttar.

16. gr.

Skyldur notanda

Í þeim tilfellum sem notandi annast sjálfur leit og umsýslu vegna þeirra aðstoðarmanna sem hann velur, sbr. a. lið 11. gr. skal hann skila þjónustumiðstöð skýrslu á þriggja mánaða fresti um hve margar vinnustundir hann hefur notað. Notandi skal skila til opinberra aðila þeim upplýsingum sem þeir telja sig þurfa til að fullnægja skyldum sínum.

Notanda er skylt að fenginni beiðni að veita þjónustumiðstöð upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir.

Notandi skal að beiðni þjónustumiðstöðvar vinna sjálfsmat á framkvæmd og árangri þeirrar aðstoðar sem veitt er. Um framkvæmd fer eftir ákvörðun þjónustumiðstöðvar. Þjónustumiðstöð getur lagt fram slíka beiðni einu sinni á ári eða oftar ef þurfa þykir.

Skilyrði fyrir samvinnu við notanda er að öll umsýsla fari í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

Ef notandi ákveður að hætta að þiggja notendastýrða persónulega aðstoð ber honum að tilkynna þjónustumiðstöð um þá ákvörðun með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

17. gr.

Skyldur Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á eftirliti með samningum um notendastýrða persónulega aðstoð sem gerðir eru á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar.

Velferðarsvið skal tilkynna umsýsluaðila um atriði t.d. lagabreytingar, reglugerðarbreytingar eða breytingar á skipulagi og innihaldi þjónustunnar sem almennt má ætla að skipt geti máli varðandi framkvæmd samstarfssamningsins og taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að efna samninginn.

Þjónustumiðstöð ber að stuðla að eins auðveldri tilfærslu til annarra umsýsluaðila og kostur er óski notandi slíkrar tilfærslu.

Starfsfólk þjónustumiðstöðva skal veita upplýsingar varðandi ferli umsókna um notendastýrða persónulega aðstoð.

VI. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

18. gr.

Vanefndir

Verði uppi ágreiningur milli Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og umsýsluaðila/notanda skal leitast við að jafna þann ágreining.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur krafist þess að umsýsluaðili/notandi bæti úr vanefndum á eigin kostnað. Vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilgreinir, getur það krafist þess að umsýsluaðili/notandi greiði þann kostnað sem af hlýst.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

19. gr.

Viðbrögð vegna riftunar

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þegar í stað.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja umsýsluaðila/notanda um endurgreiðslu fjármagns sem honum hefur verið úthlutað eða hluta af því, sé sýnt fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Fjármagnið að hluta til eða í heild hefur ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum samningsins hefur ekki verið fylgt.
- c) Notandi hefur móttengið fjármagn frá öðrum aðila sem að hluta til eða í heild er ætlað í þá þjónustu sem samningurinn tekur til.

Í þeim tilvikum sem einstaklingssamningi er rift ber Velferðarsviði að tryggja að lögbundin þjónusta við notanda hefjist tafarlaust.

Verði samstarfssamningi rift ber Velferðarsviði Reykjavíkurborgar að tryggja notanda þá lögbundnu þjónustu sem hann á rétt á og sjá til þess að lok samningsins valdi notanda eins lítilli röskun og mögulegt er.

20. gr.

Uppsögn á samningi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er þrír mánuðir og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með formlegum hætti.

VII. kafli

Málsmeðferð

sbr. ákvæði XVI. og XVII. kafla
laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

21. gr.

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti aðstoðarverkstjórnanda, persónulegan talsmann, umboðsmann hans eða réttindagæslumann fatlaðs fólks eftir því sem við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

22. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

23. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

24. gr.

Endurskoðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs

Unnt er að óska eftir að áfrýjunarnefnd velferðarráðs endurskoði ákvörðun þjónustumiðstöðvar um mat á þjónustuþörf samkvæmt 8. gr. reglna þessara. Frestur til að vísa málinu til áfrýjunarnefndar velferðarráðs er fjórar vikur frá því að vitneskja barst um ákvörðun. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun skal tilkynnt notanda skriflega. Áfrýjunarnefnd velferðarráðs er heimilt í sérstökum undantekningartilfellum að veita undanþágu frá reglum þessum.

25. gr.

Málskot

Ákvörðun áfrýjunarnefndar velferðarráðs verður eigi skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þar sem hér er um að ræða afmarkað og tímabundið tilraunaverkefni, sbr. IV. bráðabirgðaákvæði laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.

26. gr.

Sérákvæði um beingreiðslusamninga

Heimilt er að framlengja gildandi beingreiðslusamninga en þó eigi lengur er til loka tilraunaverkefnisins.

27. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við samþykki borgarráðs og gilda til 31. desember 2014. Eigi síðar en þann 1. október 2014 skal ákvörðun tekin um framhald verkefnisins.